

Fundargerð 105. fundar stjórnar SSNV, 2. apríl 2024

Þriðjudaginn 2. apríl 2024, kom stjórn SSNV saman til fundar á Teams. Hófst fundurinn kl. 9.30. Mætt voru: Guðmundur Haukur Jakobsson, Einar E. Einarsson, Magnús Magnússon, Vignir Sveinsson, Jóhanna Ey Harðardóttir, og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur SSNV 2023
2. Ársskýrsla SSNV 2023
3. Samgöngu og innviðaaætlun SSNV
4. Dagskrá Ársþings
5. Byggðagleraugin 2024
6. Markaðsstofa Norðurlands – stjórnarskipun
7. Nýsköpun á Norðurlandi vestra
8. Framlögð mál til kynningar
 - a. Fundargerðir
 - b. Umsagnir
9. Skýrsla framkvæmdastjóra

Afgreiðslur

1. Ársreikningur SSNV 2023

Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til kynningar og samþykktar af Helga Níelssyni endurskoðanda hjá KPMG. Stjórn samþykkir ársreikninginn. Ársreikningur er í framhaldi lagður fyrir ársþing SSNV þann 11. apríl.

Helgi Níelsson endurskoðandi vék af fundi að þessum lið loknum.

2. Ársskýrsla SSNV 2023

Ársskýrsla lögð fram til kynningar og samþykktar. Stjórn samþykkir ársskýrslu. Ársskýrsla er í framhaldi lögð fyrir ársþing SSNV þann 11. apríl.

3. Samgöngu og innviðaaætlun SSNV 2024

Formaður Samgöngu- og innviðanefndar SSNV, Magnús Magnússon og Guðlaugur Skúlason verkefnastjóri hjá SSNV lögðu fram uppfærða Samgöngu og innviðaaætlun SSNV til kynningar og samþykktar stjórnar. Stjórn samþykkir uppfærða skýrslu og þakkar nefndinni vel unnin störf. Samgöngu og innviðaaætlun SSNV 2024 er í framhaldinu lögð fyrir ársþing SSNV þann 11. apríl.

Guðlaugur Skúlason verkefnastjóri hjá SSNV vék af fundi að þessum lið loknum.

4. Dagskrá Ársþings

Dagskrá ársþings lögð fram til samþykktar. Stjórn samþykkir dagskrá með fyrirvara um breytingar.

5. Byggðagleraugin 2024

Stjórn fer yfir tillögur og val á vinningshafa. Stjórn kemst að sameiginlegri niðurstöðu og felur framkvæmdastjóra að hafa samband við viðkomandi. Byggðagleraugin 2024 verða afhent á Ársþingi SSNV þann 11. apríl.

6. Markaðsstofa Norðurlands – stjórnarskipun

Endurskipun á sæti SSSV í stjórn Markaðsstofu Norðurlands. Formaður stjórnar leggur til að framkvæmdastjóri SSSV, Katrín M. Guðjónsdóttir tiki sæti í stjórn Markaðsstofu Norðurlands í stað Jóhönnu Ey. Stjórn samþykkir tillögu einróma. Stjórn þakkar Jóhönnu Ey fyrir vel unnin störf í stjórn markaðsstofu fyrir hönd SSSV.

7. Nýsköpun á Norðurlandi vestra

Framhaldsumræða frá 98. fundar stjórnar SSSV, 12. september 2023 þar sem fjallað var um nýtt samstarfsverkefni með Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og Landsvirkjun. Drög að samningi kynnt og afgreiðslu frestað.

8. Framlögð mál til kynningar

a. Fundargerðir

Stjórn SSS, 20. mars 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSS, 6. mars 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 15. mars 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 28. febrúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSH, 18. mars 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSH, 4. mars 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Vestfjarðarstofu, 14. febrúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stýrihópur Stjórnarráðs um byggðamál, 4. mars 2024. [Fundargerðin.](#)

b. Umsagnir

Tillaga til þingsályktunar um [flutning höfuðstöðva Rariks ohf. á landsbyggðina](#). 136. mál. Umsagnarfrestur til 8. apríl 2024.

Framkvæmdastjóra falið að senda inn umsögn um málið.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra

Fréttir af starfsemi og staða verkefna.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:55

Guðmundur Haukur Jakobsson,

Einar E. Einarsson,

Vignir Sveinsson,

Magnús Magnússon,

Jóhanna Ey Harðardóttir,

Katrín M. Guðjónsdóttir.